



Reykjavík 4. desember 2002

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150-Reykjavík**

**Efni: umsögn BSRB um frumvarp um breytingu á lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu.**

BSRB tekur heilshugar undir þau varnaðarorð sem er að finna í umsögn Póstmannafélags Íslands um þrengingu og síðar afnám einkaréttar á dreifingu bréfaþósts sem felst í þessu frumvarpi. BSRB óttast að afleiðingin af þessari breytingu muni bitna á dreifðari byggðum landsins enda er það stefna BSRB að allir landsmenn eigi að eiga jafnan aðgang að grunnþjónustu samfélagsins og póstdreifing er sannarlega hluti af þeirri grunnþjónustu. Þá tekur BSRB undir með PFÍ að með frumvarpinu sé vegið að atvinnuöryggi félagsmanna í Póstmannafélagi Íslands og vara samtölin þess vegna við afleiðingu af þeim lagabreytingum sem hér eru boðaðar.

BSRB hefur gagnrýnt hækkanir kostnaðar vegna dreifingar blaða og tímarita sl. sumar sem getur gengið af félagslegri útgáfu og útgáfu héraðsfréttablaða dauðri ef ekkert verður að gert. Samtökin skrifuðu samgönguráðherra bréf sl. sumar og óskuðu eftir viðræðum við hann og fulltrúa Íslandspósts um málið. Samgönguráðherra svaraði erindinu og sagði að skipaður hefði verið vinnuhópur um málið. Ljóst er að þessar hækkanir koma vegna formbreytingar Pósts og Síma og aðskilnað síðar, en BSRB varaði mjög við því þegar yfirvöld stefndu að því. Í ljós hefur komið að varnaðarorð BSRB þá áttu við rök að styðjast. Þjónusta póstsins á landsbyggðinni hefur versnað, útibúum verið lokað, og með þessu frumvarpi stefnir í að hún muni versna enn meira.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sig. Á. Friðbjólfsson'.

Sigurður Á. Friðbjólfsson

Umsögn Póstmannafélags Íslands fylgir með umsögninni á sama skjali og umfjöllun BSRB-tíðinda um áhrif gjaldskrárbreytinga á öðru skjali